

Landspítali - háskólasjúkrahús
Skiptiborð - sólarhringsvakt . . . 543 1000
Lungnadeild A6 í Fossvogi. . . . 543 6670

Lungnatrefjun

Upplýsingarit

Athygli skal vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundnir þagnarskyldu og mega því ekki ræða við þig eða aðra um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunnid að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga á deildinni.

Landspítali er kennslspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem símum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

ÚTGEFANDI:
LANDSPÍTALI - HÁSKÓLASJÚKRAHÚS
LYFLÆKNINGASVIÐ I
LUNGNADEILD A6
ÁGÚST 2006 – 1. ÚTGÁFA

HÖFUNDIR OG ÁBYRGÐARMADUR:
GUNNAR GUÐMUNDSSON

RITSTJÓRI:
ÞORBJÖRG SÓLEY INGADÓTTIR

LJÓSMYND: KYNNINGAMÁL LSH/JBH
HÖNNUN: KYNNINGAMÁL LSH/AV



5 690939 122857



Hér á eftir fara upplýsingar um sjúkdóminn lungnatrefjun. Ef eitthvað er óljóst eða spurningar vakna eftir lestur þessa pésa skaltu hiklaust leita til starfsfólks deildarinnar sem er ávallt reiðubúið að reyna að svara spurningum.

Hvað er lungnatrefjun?

Bandvefsmyndun (trefjun) í lungum (á ensku: pulmonary fibrosis) er sjaldgæft sjúkdómsástand sem getur verið af ýmsum orsökum, en langoftast er hún ekki þekkt. Meðal þekktra orsaka eru heyrk og ýmiss konar annað ryk sem fólk andar að sér og auk þess gigtsjúkdómar.

Það sem gerist er að í stað heilbrigðs lungnavefs kemur bandvefur (trefjar). Þannig truflast loftskipti um lungun og súrefni fer hvorki inn né koltvísýringur út úr líkamanum á eðlilegan hátt. Þetta getur leitt til öndunarbilar.

Hver eru einkenni lungnatrefjuna?

Algengustu einkennin eru hósti sem oftast er þurr og mæði sem í fyrstu er mest við mikla áreynslu en getur síðan komið við litla áreynslu og jafnvel í hvíld. Stundum fylgja almenn einkenni eins og slappleiki og lystarleysi.

Hvernig er lungnatrefjun greind?

Röntgenmynd af lungum vekur oftast fyrst upp grun um lungnatrefjun en tölvusneiðmynd af lungum er nákvæmari rannsókn til að greina sjúkdóminn. Einnig eru gerðar lungnamælingar, meðal annars súrefnimæling. Oft eru tekin sýni með berkjuspeglun eða skurðaðgerð til að staðfesta greiningu.

Hvernig er lungnatrefjun meðhöndluð?

Mikilvægt er að hætta reykingum. Einnig að forðast þau umhverfisáreiti sem valdið geta lungnatrefjun. Til að draga úr bandvefsmyndun og bólgu sem henni fylgir eru gefin lyf sem hafa áhrif á ónæmiskerfið. Algengustu lyfin eru barksterar (prednisólón), en einnig eru notuð ýmis önnur lyf eins og asathíoprín og cyclofosfamíð.

Þá er einnig gefið súrefni ef mælingar benda til súrefnisskorts. Ef sjúkdómurinn kemst á hátt stig og svarar ekki meðferð er í vissum tilfellum gerð lungnaígræðsla. Þær aðgerðir eru gerðar á Rígshospitalet í Kaupmannahöfn.

Er hægt að lækna lungnatrefjun?

Ef sjúkdómurinn er greindur snemma og umhverfisáreiti eru fundin og fjarlægð er oft hægt að koma í veg fyrir frekari skemmdir. Ef orsakir eru ekki þekktar getur sjúkdómurinn haldið áfram að versna þrátt fyrir meðferð.

Er lungnatrefjun arfgengur sjúkdómur?

Í langflestum tilvikum er lungnatrefjun ekki arfgengur sjúkdómur, en í fáeinum tilvikum er vitað um hann í fjölskyldum.

Hvernig er hægt að afla frekari upplýsinga um lungnatrefjun?

Samtök lungnasjúklinga sími 552 2154 eru með reglulega fundartíma þar sem hægt er að fá ráðleggingar og fræðslu.

Þau eru með vefsíðu: www.lungu.is þar sem koma fram nánari upplýsingar um starfsemina.

Margar vefsíður eru til um lungnatrefjun, t.d. www.pulmonaryfibrosis.org